

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 – 1997

25. mars 1997

421

Nr. 204

AUGLÝSING

um gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir rafmagn.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku er taki gildi 1. apríl 1997.

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku nr. 552 28. desember 1993, með áorðnum breytingum:

Liðirnir C.2 D Daghitun, húshitun rofin og C.3 Næturhitun, húshitun hækki um 3,2%. Aðrir liðir gjaldskrárinnar verði óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. mars 1997.

Halldór J. Kristjánsson.

Steinunn Bjarman.

25. mars 1997

Nr. 205

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi 1. apríl 1997.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 365 24. júní 1996 breytist þannig:

Gjaldskrá fyrir smásölu og heildsölu orku hækkar um 3,2%. Tengigjöld breytast í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu frá janúar 1996 til janúar 1997.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. mars 1997.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.